

Mánudaginn 28. júlí 1919.

Nr. 28/1919:

Réttvísinn

gegn

Jóhannesi Kr. Jóhannessyni.

D ó m u r:

Jóhannes Kristján Jóhannesson trésmiður í Reykjavík, sem kærður er í máli þessu fyrir sviksamlegt athæfi og skjalafals, var í aukarétti Reykjavíkur 10. apríl þ. á. dæmdur samkvæmt 259. gr. og 255. gr. sbr. 253. gr. almennta hegningarlaga 25. júní 1869 í 6×5 daga fangelsi við vatn og brauð og til að greiða allan kostnað sakarinnar.

Þessum dómi er eftir ósk ákærða skotið til yfir dómsins.

Ákærði er sakaður um það að hann hafi haft í frammi sviksamlegt atferli við kaup og sölu á húseigninni nr. 12 við Barónsstíg hér í bænum. Húseign þessa seldi Gunnar Sigurðsson yfirréttarmálaflutningsmaður 25. apríl f. á. Guðmundi Guðmundssyni sjóranni Hverfisgötu 76 fyrir 20000 kr. Upp í kaupverðið gaf Guðmundur út til Gunnars skuldaþréf fyrir 7000 kr. með veði í hinni seldu eign og uppfærslurétti eftir 2 veðskuldir kr. 5136.68 og kr. 5600.00, sem eignin var veðsett fyrir með 1. og 2. veðrétti. Veðskuldaþréf þetta seldi Gunnar Sigurðsson Landsbankanum að handveði, óþinglesið; kvaðst hann hafa búist við að bankinn mundi láta þinglýsa því. Í júlímánuði s. á. fól Guðmundur Guðmundsson

ákærða umboð til að selja nefnda húseign, og hét honum, að því er ákærði skýrir frá, 500 kr. í sölu-laun, ef hann gæti selt hana fyrir 19500 kr. Ákærða var kunnugt um veðskuldina 7000 kr., til Gunnars Sigurðssonar, en þegar hann hafði fengið veðbókarvottorð fyrir húseigninni, athugaði hann að veðskuldabréfið var óþinglesið, og hugsaði hann sér þá, að eignast húsið sjálfur, en komast hjá að greiða veðskuldina til Gunnars. Í því skyni samdi hann afsalsbréf fyrir eigninni sér til handa frá Guðmundi, tilgreindi þar ekkert kaupverð, en orðaði ákvæði bréfsins um það svo, að kaupandi hefði tekið að sér »að greiða eftirstöðvar þeirra þinglesnu veðskulda, sem á eigninni hvíla« og á annan hátt greitt sér andvirðið að fullu. Fór ákærði með þetta afsalsbréf til Guðmundar og skrifaði hann undir það þannig orðað, með því að honum var eigi, að því er hann segir, kunnugt um að veðskuldabréf hans til Gunnars Sigurðssonar væri óþinglesið. Viku síðar, 21. ágúst, seldi ákærði svo húseignina Birni Bogasyni bókbindara, með sama rétti eins og hann hafði eignast hana og átt samkvæmt afsalsbréfi Guðmundar, og tók af honum upp í kaupverðið skuldabréf fyrir 8000 kr. með 3. veðrétti og með uppfærslurétti eftir 2 fyrgreindum þinglesnum veðskuldum, sem Björn tók að sér að greiða. Ákærði sýndi Birni veðbókarvottorð fyrir eigninni en gat eigi við hann um veðskuldabréfið til Gunnars Sigurðssonar, og eigi var kaupverðsupphæðin tilgreind í afsalinu til Björns. Daginn eftir, 22. ágúst, voru afsalsbréfin frá Guð-



mundi til ákærða og frá ákærða til Björns og veðskuldabréf Björns til ákærða þinglesin.

Ákærði hefir kannast við að hann hafi vitað um veðskuldina til Gunnars Sigurðssonar áður en hann keypti og seldi húseignina nr. 12 við Barónsstíg og að hann hafi ætlað að koma sér hjá að greiða hana með því að geta hennar ekki í afsalsbréfinu til sín, og ætlað að sér mundi takast það, af því að veðskuldabréfið var ekki þinglesið. Hann þykist þó eigi hafa verið fullviss um að skuld þessi væri til, þó að Guðmundur segði honum frá henni. En þessum framburði ákærða verður að hafna, því að öll framkoma hans við kaup og sölu á húseigninni sýnir það að hann gerði ráð fyrir og bygði á því, að skuldabréfið væri til, og skýrslur málsins sýna það að öðru leyti nægilega, að ákærði vissi um skuldabréfið þegar hann fekk undirskrift Guðmundar undir afsalsbréfið 14. ág. f. á. Guðmundur hefir borið það sem vitni og staðfest með eiði að ákærði hafi tekið að sér skuldina til Gunnars sem sína skuld, og vitni hafa borið það, að þau hafi heyrt ákærða kannast við að hafa lofað Guðmundi að taka að sér allar á eigninni hvílandi skuldir, einnig þessa skuld. Þá hefir ákærði og kannast við, að hann hafi hugsað sér, að borga Gunnari skuld na, ef það sannaðist að hún væri til og hvíldi á húsinu. Í réttarprófunum skýrði Guðmundur frá því, að hann hefði selt ákærða húsið fyrir 19000 kr., og ákærði bar það að sig minti að Guðmundur hefði sagst hafa keypt húsið fyrir þetta verð, og fyrir sama verð fól hann ákærða að selja

eignina. Að þessu athuguðu verður að telja vafalaust, að ákærði hafi ekki getað látið sér koma til hugar, að Guðmundur vildi selja honum eignina fyrir 12000 kr., en það hefði kaupverðið orðið að sleptri veðskuldinni til Gunnars. Ákærða gat því ekki dulist það, að Guðmundur skrifaði undir afsalsbréfið til hans í þeirri trú, að veðskuldin til Gunnars væri meðal þeirra þinglesnu veðskulda, sem ákærði tók að sér að greiða, og að hann hefði eigi fengið hann til að gefa út afsalsbréfið þannig orðað, ef hann hefði skýrt honum frá að sú veðskuld væri óþinglesin. Þessi viðskifti ákærða við Guðmund Guðmundsson, í sambandi við síðari ráðstafanir hans á húseigninni nr. 12 við Barónsstíg, verða að teljast sviksamlegar athafnir, er ákærði verður að sæta refsingu fyrir.

Þá er ákærði og sakaður um skjalafals og eru málavextir þeir, að þegar hann skilaði afsalsbréfi Guðmundar Guðmundssonar fyrir húseigninni nr. 12 við Barónsstíg til þinglesturs, var þess krafist af honum á bæjarfógetaskrifstofunni, að afsalsbréfið bæri með sér kaupverðsupphæðina, til þess að reiknuð yrðu gjöldin fyrir þinglestur bréfsins og stimplun. Ákærði skrifaði þá inn í afsalsbréfið orðin: »Kaupverðið er kr. 12000 — tólf þúsund krónur«. Hann hefir neitað því eindregið að hann hafi skrifað þetta inn í afsalsbréfið til þess að komast hjá að greiða að fullu lögboðið þinglesturs- og stimplunargjald, því að hann kveðst hafa talið víst, að hann þyrfti eigi að greiða meir en 12000 kr. fyrir húsið, og hafa bætt inn í



afsalsbréfið fyrgreindum orðum, af því að það hafi verið heimað, og maður sá, sem tók við skjalinu á skrifstofu bæjarfógeta, hafi bent sér á, hvar hann ætti að skrifa orðin inn í bréfið, en ákærði hafi verið tregur til þess, af því honum hafi þótt varhugavert, að bæta nokkru inn í skjal, er annar maður hefði undirskrifað, í fjarvist hans og án heimildar frá honum.

Það þykir nú ekki alveg næg ástæða til að hafna þessum framburði ákærða eða gera ráð fyrir að það hafi verið ásetningur hans að falsa afsalsbréfið. Virðist því eiga að sýkna hann af ákærinni um skjalfals.

Ákærði er fæddur 14. júní 1885, og hefir eigi áður sætt ákæru fyrir neinni glæp. Framangreint brot hans heyrir undir 255. gr. og 259. gr. sbr. 253. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, og þykir refsingin fyrir það hæfilega ákveðin 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð. Svo verður og ákærði að greiða allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málfutningslaun til skipaðs sækjanda og skipaðs verjanda fyrir yfirdómi, 20 kr. til hvors.

Fyrir Guðmund Guðmundsson hefir verið krafist bóta fyrir tjón það, er hann hefir beðið fyrir sviksamlegt athæfi ákærða og verður samkvæmt 302. gr. hegningarlaganna að taka þá kröfu til greina, þannig að ákærði sé skyldaður til að taka að sér sem eigin skuld veðskuld Guðmundar að upphæð 7000 kr., til Gunnars Sigurðssonar, samkvæmt skuldabréfi 25.

apríl f. á. og setja tryggingu fyrir henni eigi lakari en skuldabréfið ákveður.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vitalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Þvi dæmist rétt vera:

Ákærði Jóhannes Kristján Jóhannesson sæti 5×5 daga fangelsi við vatn og brauð og greiði allan kostnað sakarinnar í héraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málflytningu til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Björns Pálssonar, 20 krónur til hvors. Svo ber og ákærða áður 8 vikur séu liðnar frá lögbirtingu dóms þessa að taka að sér sem eigin skuld veðskuld Guðmundar Guðmundssonar, 7000 kr., til Gunnars Sigurðssonar, samkvæmt veðskuldaþréfi 25. apríl 1918 og setja tryggingu fyrir henni, eigi lakari en skuldabréfið ákveður.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum